

# Umsókn um lækningaleyfi

Sækið endilega um lækningaleyfi strax að loknu kandiðatsári eða í góðum tíma áður en þið hefjið störf sem læknar. Athugið að það getur tekið hálfan mánuð að fá lækningaleyfið afgreitt. Ef þið hefjið störf strax að loknu kandiðatsári, getið þið þurft að sjá til þess að sótt verði um tímabundið lækningaleyfi til að dekkja tímabilið fram að veitingu leyfisins.

Það sem þið þurfið að gera er eftirfarandi:

1. Sjá til þess að öllu hafi verið lokið eða skilað til menntedeildar LSH, eða SAK þar sem það á við.

Standa þarf skil á eftirfarandi:

- ePortfolioi og öllu öðru skv. gátlista fyrir lok árs og ekki síðar en dagsetning fyrir þessi skil segir til um. Þetta þarf að fást samþykkt af kennslustjóra á LSH eða SAK.
- Öllu lokið sem óskað er eftir í skjali um skil á gögnum. Listinn er sendur jafnt og þétt til kandiðata yfir árið. Þar kemur fram að skila þarf gátlista fyrir upphaf árs á LSH, mæta a.m.k. 10 sinnum í fræðslu kandiðata og skila LSH farsíma og hleðslutæki (allt verði gulir reitir í skjali).
- Gátlista varðandi viðurkenningu á lokum kandiðatsársins. Listanum skal skila alveg í lok árs (á síðasta eða næstsíðasta virka degi fyrir lok ársins) og alls ekki fyrir en öllum atriðum listans hefur sannanlega verið lokið.
- Vinsamlega munið að skila lykli að E7 til Gerðar Helgadóttur, skrifstofustjóra á lyf, þar sem það á við.

Staðfestingarskjal um lok á kandiðatsári verður sent til Embætti landlæknis eftir að öll gögn hafa borist, en þó ekki fyrr en síðasta virka daginn á kandiðatsári skv. kandiðatablokk. Ekki eru gerðar undantekningar á því. Frumrit af staðfestingarskjalinu verða send heim til kandiðata.

2. Sækið og fyllið út umsóknareyðublað á heimasíðu Landlæknisembættisins. Farið inn á [www.landlaeknir.is](http://www.landlaeknir.is) og smellið á Starfsleyfi heilbrigðisstétta (undir fyrirsögninni Heilbrigðisstarfsfólk) → veljið Læknar (úr lista á miðri síðu) → Umsókn um almennt lækningaleyfi (undir fyrirsögninni Starfsréttindi neðarlega á síðunni).
3. Finnið fram frumrit af prófskírteini (líka forsíðuna sem Magnús Karl Magnússon eða Engilbert Sigurðsson hafa skrifað undir) eða sækið um staðfest afrit af prófskírteini, sem inniheldur kennitölu og nafn. Hringið þá í aðalskiptiborð Háskóla Íslands (525-4000) og biðjið um nemendaskráningu. Þau sem lærðu erlendis skili frumriti af prófskírteini eða staðfestu afriti.

4. Farið með umsókn og prófskírteini til Embætti landlæknis og biðjið um kvittun. Athugið að starfsaldur reiknast aðeins frá og með fyrsta degi mánaðar eftir að umsókn um lækningaleyfi er móttækin hjá Embætti landlæknis, jafnvel þó nýtt starf hefjist strax. Sem sagt, ef skilað er fyrsta dag mánaðar, telur starfsaldur frá og með fyrsta degi næsta mánaðar.
5. Farið með eða sendið kvittunina eins fljótt og hægt er til launadeildar viðkomandi vinnustaðar.
6. Skilið lækningaleyfi eins fljótt og hægt er til launadeildar viðkomandi vinnustaðar.

**Menntadeild Landspítala**

Sigrún Ingimarsdóttir, verkefnastjóri  
Ármúla 1a, 2. hæð, 108 Reykjavík  
Netfang: [sigruni@landspitali.is](mailto:sigruni@landspitali.is), sími: 543-1475

**Háskóli Íslands**

Nemendaskrá  
Sími: 525-4000  
101 Reykjavík

**Embætti landlæknis**

Álfheiður Jónasdóttir  
Barónsstíg 47, 101 Reykjavík  
Sími: 510-1900

**Launadeild Landspítala**

Viðkomandi launafulltrúi  
Eiríksgötu 5, 101 Reykjavík  
Sími: 543-1300